

Kæru listdansbrautarnemendur í MH

Á listdansbraut í MH, sem kennd er í samstarfi við Danslistarskóla JSB, Klassíska listdansskólann og Listdansskóla Íslands, er skylda að taka 2 áfanga í listdanssögu (10 einingar). Annar áfanginn hefur verið kenndur á haustönn og hinn á vorönn. Fjöldinn sem hefur valið áfangann hefur verið undir viðmiðunarmörkum og því erfitt að halda honum úti. Frá og með hausti 2022 var ákveðið, að kenna áfangana annað hvert ár og átti að kenna þá næst haustið 2024. Áfangarnir voru kenndir einu sinni í viku kl. 16:30 – 18:30. Þessi tímasetning var nauðsynleg til að allir nemendur sem eru að taka framhaldspróf í listdansi gætu mætt, sama í hvaða framhaldsskóla þau stunda sitt bóklega nám.

Nú er það svo að þessir áfangar eru bara skylda hjá MH-ingum og aðrir nemendur sem eru að taka framhaldspróf í listdansi þurfa ekki að taka listdanssögu. Þar með er ekki lengur þörf á að kenna áfangana eftir hefðbundinn kennsludag í bóknámi. Eftir samtal og fundi með forsvarsfólki listdansskólana var niðurstaðan sú að leyfa nemendum á listdansbraut að taka hvaða áfanga sem er í MH sem tengjast listum. Á listmenntabraut í MH eiga nemendur að taka 30 einingar í áföngum sem tengjast listum og erum við að hugsa það sama fyrir listdansbrautina. Þetta er t.d. leiklist, myndlist, söguáfangar (listasaga, listfræði, rokksaga, fornaldarsaga, ...) , íslenskuáfangar (tjáning, leikhúsáfanga, ...), enskuáfangar (creative writing, graphic novels, ...), kvikmyndáfangar í mörgum greinum o.fl. o.fl. Einnig er hægt að taka lokaverkefni sem tengist dansinum og listdanssögunni á einn eða annan hátt.

Þessi breyting mun taka gildi frá og með næsta hausti og vonum við að henni verði vel tekið. Breytingin mun ekki seinka eða breyta útskrift nemenda og teljum við það vera mikinn kost að kennslan fari fram innan stundatöflu dagsins. Frelsi nemenda til að velja hvað þeir vilja leggja áherslu á eykst og nemendur geta nýtt sér allt það mikla áfangaframboð sem er í boði í MH. Það er í raun hægt að segja að val nemenda á listdansbraut hafi aukist úr 5 einingum í 15. Listdansskólarnir munu einnig bæta listdanssögu inn í sínar kennslustundir samhliða danskennslunni í meira mæli en áður hefur verið gert.

Ef þið hafið einhverjar spurningar þá megið þið endilega hafa samband við okkur í MH.

Kv stjórnendur MH, 22 apríl 2024.